WALDORFSKÓLINN
LÆKJARBOTNUM

Innra mat 2025-2026

Efnisyfirlit

Inngangur 2

Kennsla og nám 3

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum í tölum 2025-2026 5

Persónuvernd 10

Aðferðir og framkvæmd 10

Sjálfsmatsáætlun 2025-2026 11

Matsþættir og niðurstöður 15

1. Skólabragur 15
2. Árangur náms 22
3. Mat á gæði kennslu og námskrár 24
4. Stjórnun og innra skipulag 25
5. Stefnuskrá og einkunnarorð skólans 27
6. Gæði og þróun innra mats 28

Lokaorð 29

Heimildir 30

Inngangur

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi sjálfsmats í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum. Markmið sjálfsmatsáætlunarinnar er að tryggja gæði náms og kennslu, bæta skólastarf og styðja við faglega þróun. Þannig er lagður grunnur að velferð nemenda, starfsfólks og foreldra. Í sjálfsmatsáætluninni er stuðst við Aðalnámskrá grunnskóla sem er bæði lagalegur og faglegur rammi sem tryggir að áætlunin sé markviss, byggð á hæfniviðmiðum og stuðli að raunverulegri umbótamenningu í skólastarfi. Í henni segir svo:

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Í 36. grein stendur:

- Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.
- Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í 35. grein er rætt um markmið matsins:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,

b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,

c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Kennsla og nám

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum byggir skólastarfið á Waldorfuppeldis- og kennslufræði þar sem rík áhersla er lögð á að stuðla að alhliða þroska nemandans. Uppeldisfræðin hvílir á tveimur meginstoðum: Annars vegar sýn á veru og eðli mannsins út frá mannspeki Rudolfs Steiner og hins vegar þeim hugmyndum sem hann setti fram um félagslega uppbyggingu samfélags.

Jöfn áhersla er lögð á *vitsmunalegan, tilfinningalegan og líkamlegan* þroska nemandans. Með vitsmunaþroska er m.a. átt við að rækta skapandi hugsun með tilliti til almennrar þekkingar og fræðilegra þátta. Með tilfinningaþroska er m.a. átt við listrænan þroska, fagurfræðilegt skynbragð, siðgæðis- og félagsþroska. Með líkamlegum þroska er m.a. átt við hreyfiþroska, ræktun viljans og verklega leikni. Rík áhersla er á listræna og verklega nálgun í allri kennslu. Reynt er að samtvinna alla þessa þætti þar sem mögulegt er og hafa kennsluna eins fjölbreytta og viðfangsefni og aðstæður bjóða upp á. Leitast er við að ná fram lifandi áhuga nemandans á viðfangsefnunum og koma til móts við þarfir og kröfur hans sem einstaklings.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum byggir kennslan á framsögn og miðlun kennarans sem hefur tileinkað sér námsefnið, unnið úr því og gert að sínu eigin fyrir kennslu. Mikil áhersla er á jákvætt viðhorf, sjálfstæð vinnubrögð og skapandi vinnu. Samkennsla er í 2.-3. bekk, 4.-5. bekk, 6.-7. bekk, 8.-9. bekk en 1. bekkur og 10. bekkur eru stakir þetta skólaárið. Náið samstarf ríkir milli Waldorfskólans Lækjarbotnum og Waldorfleikskólans Yls en þessar tvær einingar eru undir sama þaki, með sameiginlegt útisvæði, rútuþjónustu, eldhús og skrifstofu. Þar að auki er ávallt dágóður fjöldi systkina sem sækja sitthvora stofnunina. Kennsluáætlanir og lotuplön sem gefa yfirlit yfir hvert skólaár eru birt á vef Waldorfskólans - waldorfskolinn.is - og einnig afhent foreldrum í upphafi hvers skólaárs.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er staðsetning skólans afgerandi og mótar hún uppeldisstarfið sem fer fram innan stofnunarinnar. Nemendum gefst kostur á að komast í nána snertingu við náttúruna og upplifa á djúpan hátt hrynjanda árstíðanna. Náttúran og náttúruupplifanir tengjast skólastarfinu á margan hátt. Námsefnið er samofið við náttúruna í Lækjarbotnum í gegnum útinám og útiveru. Hreyfing er stunduð utandyra á vorin og haustin, nemendur hafa tækifæri á

skíðaiðkun á veturna og eru hvattir til að njóta útiveru hvernig sem viðrar. Verkgreinar fara að hluta til fram utandyra eins og smíði og kennsla átthaga- og náttúrufræði, þar sem nærumhverfi skólans er nýtt sem vettvangur fyrir athuganir og upplifunarnám nemenda.

Reynslan hefur sýnt okkur að í nútíma samfélagi er mikilvægt að hlúa að mannlegum samskiptum. Waldorfskólinn leggur mikla áherslu á félagsþroska og á að skapa nánd, annars vegar á milli nemenda og kennara og hins vegar barnanna á milli, óháð aldri og þroska. Sameiginlegt útisvæði og afstæð smæð skólans gerir það að verkum að oft leika unglingar við leikskólabörn eða aðstoða léttilega undir eftirliti við umönnun þeirra.

Skólinn leggur ríka áherslu á að nemendur geti umgengist hvort annað af virðingu og metið verðleika hvers annars. Við gefum þeim eldri tækifæri til að sýna þeim yngri umhyggju og virðingu og þau yngri upplifa dugnað og færni þeirra eldri sem skapar lotningu og eftirvæntingu hjá þeim.

Í tengslum við árstíðabundnar hátíðir, sköpum við vettvang þar sem bekkirnir vinna saman þvert á árganga eða vinna góðverk hver fyrir annan. Ýmsir aðrir þættir skólastarfsins miða að því að efla félagsvitund, samvinnu og samhygð nemenda.

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum í tölum 2025-2026

Í Waldorfskólanum (haust 2025) eru 108 nemendur, þar af 91 nemendur í grunnskóla og 17 í leikskóla. Í Lækjarbotnum starfa 31 manns.
Tungumál önnur en íslenska

Erlend Móðurmál	**Drengir**	**Stúlkur**	**Samtals**
Danska	1	0	1
Enska	2	6	8
Franska	1	0	1
Lettneska	1	3	4
Spænska	1	0	1
Sænska	0	1	1
Tékkneska	0	1	1
Úkraínska	0	1	1
Þýska	2	1	3
	= 8	= 13	= 21

Nemendur	108
Stúlkur	53
Drengir	55
Kynsegin	0
Starfsfólk	31

Viðfangsefni og matstæki

Skólinn er lærdómssamfélag nemenda, kennara og foreldra. Markmiðið er að allt skólasamfélagið taki þátt í innra mati og umbótum sem aftur leiðir til að niðurstöður verða heildstæðari og endurspegla raunverulegt skólastarf. Umbætur sem byggja á samvinnu eru líklegri til að ná árangri, því þær taka mið af raunverulegum þörfum og væntingum allra hópa.

Með lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta grunnþætti í starfi sínu og hins vegar ytra mat sem er mat framkvæmt af Menntamálastofnun og sveitarfélaginu sem utanaðkomandi aðilar.

Á vikulegum starfsmannafundum fer fram formlegt innra mat á skólastarfinu. Á fundunum eru þættir eins og nemenda- og starfsmannakannanir, foreldrafundir og foreldrasamtöl ígrunduð og metin, framkvæmd hátíða og skólaskemmtana er endurmetin, þemadagar og aðrar uppákomur svo sem starfsdagar, námskeið og fyrirlestrar eru einnig endurmetin og vel farið yfir hvern þátt; hvernig gekk og hvað mætti betur fara. Lagt er heildstætt mat á undirbúning, framkvæmd og gildi árlegra þátta sem og þeirra sem bera fyrir stakir innan hvers skólaárs. Í matsferlinu koma oft fram hugmyndir að breytingum sem eru teknar saman og skoðaðar við undirbúning fyrir næsta skipti þegar viðkomandi hátíð eða viðburður á sér stað. Endurmatið er skráð í fundargerð sem síðar er tekið saman og skráð í viðburðarmöppu, eftir því sem við á. Endurmatið er haft til hliðsjónar við skipulagningu á kennslu og viðburðum.

Þverfaglegir fundir um einstaka bekkjardeildir eru haldnir reglulega þar sem fjallað er um bekkinn sem félagslega heild og einstaka nemendur. Tilgangur þverfaglegu fundanna er að skapa sem mesta heild milli bóklegra, verklegra og listrænna námsgreina og jafnframt að skapa sameiginlega vitund um nemendur innan hverrar bekkjardeildar. Þetta er skráð í bekkjarmöppu. Jafnframt eru haldnir fagfundir kennslustiga þar sem saman koma kennarar elsta stigs, mið stigs og yngsta stigs og ræða kennslu, gögn, og samþættingu milli greina og ára. Námsmat nemenda og sjálfsmat kennara er framkvæmt við hver lotuskil.

Þess utan vinnur skólanefnd og kennararáð með grunnþætti í starfinu sem eru metnir reglulega og/eða árlega eftir eðli hvers og eins. Þeir þættir eru: *árangur náms, gæði kennslu og kennarastarfið, skipulagning náms, stjórnun, skólabragur, námskrá, starfsáætlun og skólastefnan*. Skólabragur, gæði kennslu og námskrá eru þættir sem eru metnir árlega en aðrir þættir eru metnir samkvæmt langtímaáætlun skólans varðandi innra mat. Skólanefnd hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess í samráði við kennararáð.

Ytra mat Menntamálastofnunar (nú Miðstöð menntunar og skólaþjónustu) er lykilþáttur í gæðastarfi grunnskóla og styður við markmið sjálfsmatsáætlunar. Samkvæmt **lögum um grunnskóla nr. 91/2008** og **reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum** skal Menntamálastofnun framkvæma ytra mat á skólastarfi með reglubundnum hætti. Markmið þess er að:

- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.
- Veita óháða greiningu á styrkleikum og umbótatækifærum.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum.

Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats til að:

- Greina styrkleika og veikleika í skólastarfi.
- Setja mælanleg umbótamarkmið í samræmi við ábendingar.
- Tryggja gagnsæi og faglegt gæðastarf í samstarfi við skólasamfélagið.

Með því að tengja innra mat við niðurstöður ytra mats er stuðlað að heildstæðu gæðakerfi sem byggir á samvinnu, gagnsæi og stöðugri umbótamenningu sem leiðir til gerð og framkvæmdar árlegrar umbótaáætlunar.



(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 152)

Waldorfskólanum í Lækjarbotnum leitast við að hafa matið á skólastarfinu fjölbreytt. Stuðst er við margs konar matsaðferðir, eigindlegar, megindlegar og blandaðar aðferðir. Lögð er áhersla á að nota aðferðir sem best svara mats spurningum hverju sinni og yfir það heila að ná fram fjölbreyttum gögnum. Fjölbreyttar aðferðir veita okkur sýn frá mismunandi sjónarhornum og renna þannig styrkari stoðum undir niðurstöðurnar.

Í innra matinu er m.a horft til foreldrakannana, líðan nemenda, starfsmannaviðtala, fundargerða, sjálfsmats, vettvangsathugana o.fl.

Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á að móta sjálfsmatsáætlun sem gildir í fimm ár í senn. Fulltrúar teymisins skulu taka virkan þátt og skipti með sér verkefnum. Skýrar siðareglur skulu vera til grundvallar allrar vinnu þar sem matið nær til nemenda, foreldra og starfsmanna. Teymið þarf að hafa að leiðarljósi atriði á borð við:

- það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu
- það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim
- það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku
- matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra
- niðurstöður séu túlkaðar hógværlega
- borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu

- mismunandi aðstæður fólks séu virtar
- borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakendanna og almennings.

(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 151)

Þeir þættir sem eru viðfangsefni innra mats skólaárið 2025- 2026 eru eftirfarandi:

- **Skólabragur** – Andrúmsloft og menning skólans sem endurspeglar virðingu, samvinnu og vellíðan.
- **Árangur náms** – Niðurstöður nemenda í námi og framvinda í samræmi við markmið námskrár.
- **Gæði kennslu og kennarastarfið** – Fagmennska kennara, kennsluaðferðir og stuðningur við nemendur.
- **Stjórnun** – Skipulag, forysta og samskipti innan skólans sem tryggja skilvirkni og gott starfsumhverfi.
- **Stefnuskrá og einkunnarorð skólans** – Grunngildi og framtíðarsýn sem móta starf og menningu skólans.

Í matsteymi Waldorfskólans í Lækjarbotnum sitja fjórir fulltrúar. Skólastjóri auk fulltrúa annarra stjórnenda, kennara og starfsmanna.

Fulltrúar í gæðateymi
Björn Logi Sigurbergsson, skólastjóri
Elmar Sæmundsson, skólanefnd
Marie Luise Alf, skólanefnd, kennari
Kolbrún Kristín Karlsdóttir, ritari, skólanefnd

Persónuvernd

Í allri umsýslu með gögn er tekið tillit til persónuverndarsjónarmiða og hagsmunir barnsins hafðir að leiðarljósi.

Aðferðir og framkvæmd

Matsþættir fyrir hvert skólaár eru settir niður á mánuði og leggur Waldorfskólinn í Lækjarbotnum áherslu á að fara árlega yfir vissa matsþætti en rannsakar aðra matsþætti með reglulegu millibili annað til þriðja hvert ár. Notast er við margvíslegar aðferðir við að safna gögnum til að renna styrkum og fjölbreyttum stoðum undir niðurstöðurnar:

- Viðhorfskannanir
- Vettvangsathuganir
- Foreldrasamtöl
- Líðan nemenda
- Fundargerðir
- Sjálfsmat

Við skipulagningu innra mats (sjálfsmats) er lagt upp úr hnitmiðaðri sjálfsmatsáætlun þar sem verkefnin er brotin niður í smærri einingar til að auðvelda úrvinnslu og framkvæmd. Unnið var jafnt og þétt yfir veturinn og verkþættir tengdir jafnóðum inn í sjálfsmatið eftir því sem niðurstöður berast.

Niðurstöður eru jafnframt færðar inn í umbótaáætlun næsta árs eða ráðist í umbætur umsvifalaust eftir atvikum. Samantekt á niðurstöðum er síðan birt í lok hvers skólaárs ásamt umbótaráætlun næsta skólaárs með hliðsjón af niðurstöðum innra mats.

Niðurstöður allra kannana og greining á þeim eru kynntar fyrir skólasamfélaginu og hagsmunaaðilum og þær færðar til bókar í sjálfsmatsskýrslu að vori.

Sjálfsmatsáætlun 2025-2026

Sjálfsmatsáætlun Waldorfskólans í Lækjarbotnum er sett niður á mánuði skólaársins. Sjálfsmatsskýrslan er unnin jafnt og þétt yfir skólaárið og endapunkturinn lagður í lok skólaárs þar sem rýnt er í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar. Sjálfsmatsskýrslan er gefin út á heimasíðu skólans og kynnt skólaráði og starfsfólki.

Sjálfsmatsáætlun Waldorfskólans í Lækjarbotnum 2025-2026

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	1. Vinna hefst við gerð starfsáætlunar 2. Útgáfa kennsluáætlana fyrir hvern bekk/hverrar námsgreinar og matsviðmið 3. Lotuplan fullfrágengið 4. Vinna hefst við að innleiða umbætur á innra mati.	1. Skólanefnd 2. Skólanefnd 3. Kennarar/skólanefnd 4. Skólanefnd
September	1. Mat á Drekaviku 2. Viðhorfskönnun: Umsóknarferli nýrra foreldra (**Skólabragur**) 3. Lotuplön birt á vef 4. Kennsluáætlun birt á vef 5. Lotumat – lota eitt	1. Kennararáð 2. Skólanefnd 3. Bekkjarkennarar/ Skólanefnd 4. Kennararáð/Skólanefnd 5. Kennarar 6. Skólanefnd

	6. Starfsáætlun kynnt á kennararáðsfundi og í skólaráði	
Október	1. Lestrarátak hjá 1.-10.bekk **(Umbótaráætlun: Innleiða nýja læsisstefnu)** 2. Mat á þemadögum 3. Mat á foreldraviðtölum - foreldrakönnun send út (**Innra mat: Skólabragur**) 4. Starfsáætlun skilað til menntasviðs Kópavogs 15. október 5. Lotumat – lota tvö	1. Kennararáð/Skólanefnd 2. Kennararáð 3. Kennararáð 4. Skólanefnd 5. Kennarar
Nóvember	1. Horft til baka - Jólabasar 2. Mat á luktarhátíð 3. Lotumat – lota þrjú	1. Kennararáð 2. Kennararáð 3. Kennarar
Desember	1. Kynna innra mat á kennararáðsfundi 2. Ákveða matsþætti um hvað einkennir góða kennslustund (**Innra mat: Gæði kennslu og kennarastarfið**)	1. Skólanefnd 2. Skólanefnd/ Kennararáð

Janúar	1. Lestrarskimun (lesferill) 4.-5.bekkur **(Umbótaáætlun: Innleiða nýja læsisstefnu)** 2. Sjálfsmatskönnun kennara - könnun á nýrri læsisstefnu **(Innra mat: Skólabragur**) 3. Starfsmannviðtöl og starfsmannakönnun (**Innra mat: Skólabragur**) 4. Lotumat – lota fjögur	1. Þóra 2. Skólanefnd/kennarar 3. Skólanefnd 4. Kennarar
Febrúar	1. Umbætur á námsmati, lotumati og leiðsagnarmati yfirfarnar **(Umbótaáætlun)** 2. Könnun á líðan nemenda (**Innra mat: Skólabragur**) 3. Lotumat – lota fimm	1. Kennarar 2. Skólanefnd 4. Kennarar
Mars	1. Starfsmannviðtöl og starfsmannakönnun (**Innra mat: Skólabragur**) 2. Starfsmannhelgi a. Stjórnarfyrirkomulag b. Skólastefna og einkunnarorð (**Innra mat**)	1. Skólanefnd 2. Kennararáð 3. Kennarar

	3. Lotumat – lota sex	
Apríl	1. Skólabragskönnun fyrir foreldra (**Innra mat: Skólabragur**) 2. Mat á starfsmannahelgi 3. Lotumat – lota sjö 4. Niðurstöður skólabrags og innra mats rýndar, niðurstöður kynntar á kennararáðsfundi og í skólaráði 5. Lestrarátak hjá 1.-10.bekk **(Umbótaráætlun: Innleiða nýja læsisstefnu)**	1. Skólanefnd 2. Kennararáð 3. Kennarar 4. Skólanefnd 5. Kennarar
Maí	1. Lotumat – lota átta	1. Kennarar
Júní	1. Lotumat – lota níu	1. Kennarar

Matsþættir og niðurstöður

1. Skólabragur


Skólabragur er einn af þeim lykilþáttum sem innra mat skólans tekur fyrir árlega samkvæmt innra mats áætlun skólans. Hér er líðan nemenda og starfsfólks könnuð með bæði megindlegum og eigindlegum aðferðum. Foreldramats könnun er lögð fyrir annað hvert ár. Í ár var könnun lögð fyrir nemendur á unglingastigi sem gaf þeim færi á að svara spurningum um líðan sína og hvernig þau upplifa viðveru sína í skólanum. Fyrir starfsfólk var lögð könnun varðandi upplifun þeirra sem starfsmanna, um starfið, starfsumhverfið og skipulag skólastarfsins. Einnig voru tekin starfsmannaviðtöl til að ná fram dýpri skilning á vissum málum um leið og starfsfólki gafst tækifæri á að koma þeim málum sem á þeim brunnu á framfæri. Hér setur skólinn sér það markmið að ná fram bættri líðan og betri upplifun þeirra sem standa að skólasamfélaginu með því að rýna vel í niðurstöður og færa það sem betur má fara inn í umbótaráætlun komandi skólaárs.

Eins og sjá má hér að neðan þá er úrtakið ekki stórt hjá nemendum á unglingastig, bæði eru fáir í árgöngunum og svo velja ekki allir að taka þátt. En hjá þeim nemendum sem taka þátt kemur í ljós að flestum líður vel í skólanum og eiga þar vini, einn eða fleiri. Flestir eru einnig opnir fyrir því að kynnast öðrum nemendum og telja sig geta verið samkvæm sjálfum sér í skólanum. Meirihluti nemenda á marga vini og tæplega þriðjungur lýsir því að eiga nokkra vini. Átta prósent nemenda telur sig aftur á móti eiga engan vin í skólanum sem er áhyggjuefni. Flestir nemendur segjast jafnframt aðeins stundum hitta vini og vinkonur fyrir utan skóla. Meira en helmingur nemenda sem taka þátt í könnun segjast oftast líða vel í skólanum. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður:

Skólabragskönnun 8. - 10. bekkur

1. Í hvaða bekk ert þú?

8. - 9. bekkur	9
10. bekkur	3
Vil ekki taka fram	1




2. Líðan í skólanum




3. Áttu félaga í skólanum?

Ég á engan félaga	1
Ég á einn félaga	1
Ég á nokkra félaga	4
Ég á marga félaga	7




4. Hittir þú vinkonur eða vini þína úr skólanum utan skóla?

Mjög oft	1
Oft	1
Stundum	6
Sjaldan	4
Aldrei	1



5. Eru stundir í deginum/vikunni þar sem þér líður vel í skólanum? (hægt að velja fleiri en eitt svar)




Könnunin var lögð fyrir með þessum hætti í fyrsta sinn á þessu skólaári og markar því mikilvægt skref í áframhaldandi þróun innra mats skólans. Undirbúningur hennar var jafnframt gagnlegt samvinnuferli innan kennarahópsins þar sem spurningar voru mótaðar í sameiningu og skapaðist dýrmæt reynsla sem nýtist við áframhaldandi þróun könnunarinnar.


Jafnframt er ljóst að ástæða er til að rýna betur í fyrirkomulag könnunarinnar. Þar sem nemendahópurinn á unglingastigi er fámennur og þátttaka getur verið takmörkuð þarf að meta hvort núverandi framkvæmd skili nægilega áreiðanlegum og gagnlegum upplýsingum til að styðja við umbótastarf skólans. Einnig er mikilvægt að skýra betur viðmið við túlkun niðurstaðna og þróa markvissari úrvinnslu þeirra innan kennarahópsins.


Markmið næsta skólaárs er að efla greiningu og sameiginlega úrvinnslu niðurstaðna þannig að þær verði betur nýttar sem grunnur að faglegri umræðu, markvissri ákvarðanatöku og umbótum í skólastarfinu.


Starfsmannakönnun Waldorfskólans Lækjarbotnum

Samantekt úr svörum 23 starfsmanna









Samantekt og niðurstöður starfsmannakönnunar

Heilt yfir má lesa úr niðurstöðu að starfsfólki líður vel í vinnunni þar sem heildarupplifun yfir 91% þeirra sem svöruðu lýsa reynslu sinni af starfinu ‘mjög góða’ eða ‘góða’. Helstu styrkleikar að mati starfsmanna eru ‘samstarf’, ‘skýr verkefni’ og ‘að vita hvert á leita’ eftir aðstoð. Helstu þættir þar sem könnunin gefur tilefni til úrbóta eru: Upplýsingaflæði, ‘skipulag’ og ‘að hafa nægan tíma’ til að sinna verkefnum.

Samantekt starfsmannaviðtala frá mars 2026

Starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn Lækjarbotna í mars 2026. Viðtölin byggja á samræmdum spurningum sem sneru að starfshlutfalli og verkefnum næsta skólaárs, verkfærum og stuðningi, vinnuálagi, upplýsingaflæði, skipulagi, endurmenntun og áhuga starfsfólks á Waldorfkennaramenntun.

Tilgangurinn er að draga fram sameiginleg mynstur, veikleika, styrki og þróunarsvæði sem nýtast við stefnumótun og umbætur í skólastarfinu.

Helstu mynstur og lykilniðurstöður úr starfsmannaviðtölum

1. Upplýsingaflæði er stærsta sameiginlega þróunarsvæðið. Þetta kemur fram hjá meirihluta starfsmanna, hvort sem um er að ræða boðleiðir, tímasetningu upplýsinga, eða fundi.
2. Rútuvaktir eru álagsþáttur. Þetta kemur endurtekið fram og virðist vera áhyggjuefi starfsfólks.
3. Mannekla og forföll skapa keðjuverkun. Þegar einn starfsmaður er fjarverandi berst álagið óskipulega á aðra, oft án fyrirvara eða undirbúnings.
4. Mörk milli vinnu og einkalífs eru óskýr. Foreldrasamskipti utan vinnutíma og stöðugt flæði á Teams rugla þessum mörkum.
5. Steiner Höyskolen námskeiðið var of fræðilegt að mati margra. Starfsmenn vilja praktískari endurmenntun sem tengist daglegu starfi.
6. Oslokurset er vinsælt og er sá endurmenntunar kostur sem flestir nefna.
7. Metnaður og jákvæðni eru til staðar. Þrátt fyrir áskoranir lýsa flestir metnaði og vilja til að bæta skólastarfið. Flestir eru mjög ánægðir með starf sitt og skipulagið.

Styrkleikar

Nemendakönnun

- Flestir nemendur sem tóku þátt segjast líða vel í skólanum.
- Flestir þátttakendur eiga vini í skólanum og meirihluti segist eiga marga vini.
- Flestir segjast opnir fyrir því að kynnast öðrum nemendum.
- Flestir þátttakendur telja sig geta verið samkvæmir sjálfum sér í skólanum, sem bendir til jákvæðs og samþykkjandi skólabrags.

Starfsmannakönnun og viðtöl

- Almenn líðan og starfsánægja er mjög góð.
- Mikill meirihluti starfsfólks lýsir heildarupplifun sinni af starfinu sem góðri eða mjög góðri.
- Samstarf innan starfsmannahópsins er metið sem einn helsti styrkleiki starfsumhverfisins.

Umbótaþættir

Nemendakönnun

- meta hvort núverandi framkvæmd skili nægilega áreiðanlegum og gagnlegum upplýsingum til að styðja við umbótastarf skólans
- skýra betur viðmið við túlkun niðurstaðna
- efla greiningu og sameiginlega úrvinnslu niðurstaðna

Starfsmannakönnun og viðtöl

- Bæta upplýsingaflæði og skipulag og skoða álag vegna rútuvakta, forfalla og samskipta utan vinnutíma.
- Skoða fjölbreyttari endurmenntunarkosti sem eru praktískari og tengdir daglegu starfi.
- Styðja starfsmenn sem eru í kennaranámi og auðvelda þeim að nýta ECTS einingar frá Steinerhøyskolen.
- Fjárfesta í betri aðstöðu: M.a. bókasafni, sérskennslurými, námsveri, kennaraherbergi, kennsluefni og búnaði.
- Byggja ennfrekar upp faglegt lærdómssamfélag með reglulegum fagfundum og samráði.

2. Árangur náms

Læsi

Árangur náms var metin í ár þar sem sérstaklega var litið til nýrrar lestrarstefnu sem verið er að innleiða í skólanum ásamt því að meta vinnu við að auka skýrleika og samhæfingu í námsmati nemenda til að tryggja að framvinda sé í samræmi við markmið skólanámskrár. Lögð var áhersla í ár á lestrarátak hjá öllu nemendum skólans frá 1. upp í 10. bekk í október og apríl mánuði sem gaf góða raun að mati umsjónarkennara. Þess utan voru lesskimanir settar upp fyrir 4.- 9. bekk sem er í samræmi við auknar áherslur sveitarfélags og skóla á gæði lesturs og lestrarkunnáttu. Framkvæmd þeirra var tvisvar yfir árið og tókust vel.

Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi lesturs á miðstigi, þar sem markmiðið er að efla lestraráhuga, lesskilning og lestrarhraða svo nemendur geti lesið sér til ánægju. Fram kom hjá starfsfólki ósk um aukna fræðslu um læsi á miðstigi út frá Waldorfuppeldisfræði til að styðja betur við þessa þætti í kennslu og skapa sameiginlegan skilning á aðferðum og áherslum. Einnig var rætt um mikilvægi snemmtæks stuðnings fyrir þá nemendur sem þurfa aukna aðstoð, meðal annars með einstaklingsmiðaðri vinnu og stuðningi í námsveri.

Starfsfólk ræddi jafnframt mikilvægi samstarfs við foreldra og að skólinn styddi foreldra í að efla lestur barna sinna heima fyrir. Þá komu fram hugmyndir um að styrkja enn frekar lestrarmenningu skólans með eflingu bókasafns, auknu aðgengi að fjölbreyttu lesefni og skapandi leiðum til að vekja áhuga nemenda á bókum og lestri.

Á skólaárinu var einnig unnið að gerð handbókar fyrir kennara um læsisstefnu skólans fyrir yngri bekki. Markmið handbókarinnar er að skapa skýrari og samræmdari umgjörð um læsiskennslu og styðja kennara í markvissri vinnu að læsi nemenda. Handbókin verður kynnt fyrir starfsfólki á starfsdögum að hausti og í kjölfarið tekin í notkun.

Einnig var áætlað að vinna að og kynna sambærilega handbók fyrir mið- og unglingastig. Sú vinna náðist ekki að fullu á skólaárinu og færist því yfir á næsta skólaár.

Erlend tungumál

Í umræðum starfsmannaráðs á starfsdögum, þar sem lotuplön voru metin og undirbúningur næsta skólaárs fór fram, kom skýrt fram að kennsla í erlendum tungumálum er eitt af þeim

sviðum sem þarfnast frekari þróunar. Samstaða var um að skýra þurfi stefnu skólans um kennslu í erlendum tungumálum, meðal annars hvenær kennslan hefst, hvernig henni skuli háttað, hvort hún fari fram í lotum eða samþætt við aðra kennslu og hvort fagkennari eða bekkjarkennari beri ábyrgð á kennslunni. Jafnframt þarf að tryggja að skipulag og framkvæmd samræmist Aðalnámskrá. Þróun skýrrar stefnu um erlend tungumál verður eitt af meginverkefnum skólans á næsta skólaári.

Styrkleikar

- Lestrarátak náði til allra árganga skólans.
- Lestrarskimanir voru innleiddar og framkvæmdar tvisvar.
- Handbók um læsisstefnu fyrir yngri bekki hefur verið unnin og verður kynnt starfsfólki að hausti, með handbókinni er lagður grunnur að skýrari sameiginlegri sýn og vinnubrögðum í læsiskennslu.

Umbótaþættir

- Auka fræðslu og faglega umræðu um læsi á miðstigi út frá Waldorfuppeldisfræði til að styrkja kennslu í lestri og efla lestraráhuga, lesskilning og lestrarhraða nemenda.
- Styrkja lestrarmenningu skólans með eflingu bókasafns, auknu aðgengi að fjölbreyttu lesefni og markvissum leiðum til að vekja áhuga nemenda á bókum og lestri.
- Móta og innleiða skýra stefnu um kennslu í erlendum tungumálum sem skilgreinir markmið, upphaf kennslu, skipulag, ábyrgð kennara og samfellu í námi í samræmi við Aðalnámskrá.

3. Mat á gæði kennslu og námskrár

Stafrænt utanumhald um lotumat

Á skólaárinu 2025–2026 var í fyrsta sinn innleitt stafrænt utanumhald um lotumat í Teams. Markmiðið var að samræma skráningu, auðvelda miðlun upplýsinga og styðja við samfellu í kennslu.

Á kennarafundi í lok skólaárs var fyrirkomulagið metið. Almennt voru kennarar sammála um að lotumatið væri mikilvægt verkfæri, sérstaklega til að miðla reynslu milli kennara og auðvelda þeim sem taka við kennslu að byggja á fyrri vinnu. Jafnframt kom fram að innleiðing nýs verklags tekur tíma og að skráningin hefði ekki enn fest sig í sessi hjá öllum.

Fram komu tillögur um að bæta tæknilegar lausnir, svo sem möguleiki á að vista vinnu og halda henni áfram síðar til að auðvelda framkvæmdina, endurskoða spurningar þannig að þær styðji betur við styrkleikamiðaða ígrundun og nýta niðurstöður markvissar í faglegri umræðu. Markmið næsta

skólaárs er að þróa fyrirkomulagið áfram og efla notkun lotumats sem verkfæris til umbóta í skólastarfinu.

Innleiðing nýs námsmats

Markmið skólaársins var að hefja innleiðingu nýs námsmats sem styður betur við leiðsagnarmat og námsþróun nemenda. Það markmið náðist ekki á skólaárinu þar sem önnur þróunarverkefni og forgangsmál tóku meiri tíma en áætlað var.

Á næsta skólaári verður áfram unnið að undirbúningi og innleiðingu nýs námsmats. Áhersla verður lögð á sameiginlega vinnu kennara við að móta framkvæmdina, skapa sameiginlegan skilning á markmiðum námsmatsins og innleiða það í áföngum

Styrkleikar


- Stafrænt lotumat hefur skapað sameiginlegri umgjörð um skráningu og samfellu.

Umbótaþættir

- Festa stafrænt lotumat í sessi með skýru verklagi og markvissum stuðningi við innleiðingu þess.
- Endurskoða lotumatsspurningar þannig að þær styðji betur við styrkleikamiðaða ígrundun og faglegt samtal.
- Nýta niðurstöður lotumats markvissar sem grunn að faglegri umræðu og umbótum í skólastarfinu.
- Skapa sameiginlegan skilning á markmiðum og framkvæmd leiðsagnarmats í samræmi við Aðalnámskrá og sérkenni Waldorfskólans
- Innleiða nýtt námsmat í áföngum með sameiginlegri þróunarvinnu kennara.

4. Stjórnun og innra skipulag

Stjórnun og innra skipulag er árlegt mat sem fer fram á kennararáðsfundum og í starfsmannaviðtölum ár hvert. Í ár var þess utan einnig send út könnun þar sem spurningar um skipulag skólastarfsins var lögð fyrir starfsfólk. Fyrir innra starf skólans er það mikilvægt að meta skipulag, forysta og samskipti innan skólans til að tryggja skilvirkni, gagnsæi og gott starfsumhverfi með það í huga að vinna í samræmi við þarfir kennara, starfsfólks og nemenda. Hér til grundvallar liggja starfsáætlun skólans. Sjá niðurstöður úr könnun hér hér að neðan:



Í samantekt á fundum og í starfsmannaviðtölum kom fram að starfsmenn telja skipulagið virka vel í heildina, en sjá þó ýmis tækifæri til útbóta, eins og t.d.: millitíminn gæti nýst betur með skýrari rytma í kennslustundum, frímínútum og matartímum. Hátíðir þurfa að mati margra að fá sinn eigin samskiptaþræði svo þær týnist ekki í öðrum upplýsingum og öðrum þráðum innan samskiptaforritsins Teams.

Samstarf, ábyrgð og skipulag kennara á unglingastigi

Á skólaárinu fór fram þróunarvinna þar sem samstarf og ábyrgð kennara á unglingastigi var metin með það að markmiði að styrkja kennslu og mæta betur þörfum nemenda og kennara. Í vinnunni var sérstaklega horft til þess hvernig samstarf, ábyrgð og verkaskipting kennara gæti stuðlað að aukinni samfellu og gæðum í skólastarfinu.

Niðurstaða vinnunnar var að bekkjarkennari fylgi að jafnaði bekknum sínum upp í 6.–7. bekk. Að því loknu meti kennari og skólinn í sameiningu hvort kennarinn fylgi hópnum áfram inn í unglingadeild. Hingað til hefur verið síður algengt að bekkjarkennari fylgi sínum hópi alla leið upp í 10. bekk. Með skýrara verklagi er markmiðið að skapa aukið öryggi og samfellu, nýta þekkingu og reynslu kennara sem best og tryggja viðeigandi stuðning og samstarf eftir þörfum.

Jafnframt var ákveðið að þróa áfram hugmyndir um tveggja manna teymisvinnu í bekkjum, en slíkt samstarfsform er að hluta þegar til staðar í skólanum. Í þeirri þróunarvinnu verður meðal annars horft til reynslu Waldorfskólans í Ålesund, sem hefur um árabil unnið með sambærilegt fyrirkomulag.

Styrkleikar

- Skipulag skólans er almennt metið jákvætt af starfsfólki.
- Upplifun starfsfólks af skólanefnd er jákvæð.
- Starfsfólki er ljóst hvert það getur leitað þegar upp koma spurningar eða þörf er á stuðningi.
- Skýrara verklag um það hvenær og hvernig bekkjarkennari fylgir bekk áfram inn á unglingastig.

Umbótaþættir

- Endurskoða skipulag skóladagsins, sérstaklega á unglingastig með það að markmiði að skapa skýrari hrynjanda milli kennslustunda, frímínútna og matartíma.
- Bæta upplýsingaflæði innan skólans með skýrara skipulagi samskipta í Teams, meðal annars með sérstökum samskiptaþræði fyrir hátíðir og sameiginlega viðburði.
- Halda áfram reglubundnu mati á stjórnun, skipulagi og samskiptum og nýta niðurstöður markvisst til umbóta í skólastarfi.
- Þróa áfram tveggja manna teymisvinnu og meta hvernig hún getur nýst markvisst í fleiri bekkjum.

5. Stefnuskrá og einkunnarorð skólans

Stefnuskrá og einkunnarorð voru sérstaklega tekin fyrir í ár til að gefa starfsfólki færi á að ígrunda og móta grunngildi og framtíðarsýn skólasamfélagsins sem móta starf og menningu skólans. Hér undirliggjandi og til viðmiðunar eru kennslufræði Rudolf Steiner og sérkenni Waldorfskólans í Lækjarbotna sem mótast m.a. af náttúrulegu umhverfi skólans. Stefnuskrá og einkunnarorð voru metin og rædd í starfsmannaráði á starfsdögum í vor þar sem unnið var markvist með framtíðarsýn og grunngildi skólans.. Markmiðið er að gefa skólasamfélaginu öllu færi á að móta einkunnarorð og skýra stefnu sem skólasamfélagið stendur saman að. Helstu niðurstöður eru ekki fullmótaðar enn sem komið er og mun verkefnið færast yfir á innra mat næsta árs til frekari úrvinnslu.

Styrkleikar

- Ferli við endurskoðun stefnu er hafið.
- Áhersla er lögð á sameiginlega mótun framtíðarsýnar og grunngilda.

Umbótaþættir

- Ljúka endurskoðun stefnuskrár og einkunnarorða í samvinnu við skólasamfélagið og móta sameiginlega framtíðarsýn og skýra grunngildi skólans.
- Innleiða endurskoðaða stefnu markvisst í skólastarfi og innra mati.

6. Gæði og þróun innra mats

Einn af umbótaþáttum síðasta skólaárs var að efla innra mat skólans með skýrari og markvissari gagnasöfnun og úrvinnslu. Á skólaárinu var stigið mikilvægt skref í þá átt. Skólabragðskönnun og starfsmannakönnun voru lagðar fyrir með samræmdum hætti og starfsmannaviðtöl framkvæmd með stöðluðum spurningaramma. Þetta var í fyrsta sinn sem þessir matsþættir voru framkvæmdir með svo formbundnum og kerfisbundnum hætti. Framkvæmdin gekk vel og skilaði gagnlegum upplýsingum um líðan og viðhorf nemenda og starfsfólks, skólabrag, starfsumhverfi og innra starf skólans.

Innra matsteymi skólans hittist reglulega yfir skólaárið og vann að skipulagningu matsins, úrvinnslu gagna og umræðu um niðurstöður. Með því hefur skapast skýrari rammi utan um innra matið og aukin festa í framkvæmd þess. Niðurstöður matsins hafa jafnframt nýst til að greina styrkleika og umbótaþætti og leggja grunn að áframhaldandi þróunarstarfi.

Næsta skref er að styrkja enn frekar tengslin milli markmiða, árangursviðmiða, gagnaöflunar og umbóta. Mikilvægt er að skilgreina skýr og, þar sem við á, mælanleg árangursviðmið áður en gagnaöflun hefst. Þannig verður auðveldara að leggja mat á hvort sett markmið hafi náðst og hvaða aðgerða sé þörf í framhaldinu.

Jafnframt þarf að byggja markvisst upp samanburðarhæf gögn milli ára. Með því að nýta niðurstöður fyrri ára sem grunnlínu verður hægt að fylgja umbótaþáttum eftir, greina þróun yfir tíma og meta hvort þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hafi skilað tilætluðum árangri. Með áframhaldandi reglulegu starfi innra matsteymisins er stefnt að því að innra mat verði enn skýrara, kerfisbundnara og betur nýtt sem tæki til stöðugra umbóta í skólastarfinu.

Styrkleikar

- Reglulegt starf innra matsteymis yfir skólaárið.
- Skýrari og kerfisbundnari gagnasöfnun en áður.
- Samræmd framkvæmd skólabragðskönnunar og starfsmannakönnunar.
- Niðurstöður nýttar til að greina styrkleika og umbótaþætti.

- Kominn grunnur að samanburðarhæfum gögnum milli ára.

Umbótaþættir

- þróa innra matið áfram með því að skilgreina skýrari og, þar sem við á, mælanleg árangursviðmið áður en gagnaöflun hefst.
- Nýta niðurstöður fyrri ára með markvissari hætti til að fylgjast með þróun,
- fylgja umbótaaðgerðum eftir og meta hvort þær hafi skilað tilætluðum árangri.

Lokaorð

Sjálfsmatið er lifandi ferli sem byggir á samvinnu allra – nemenda, foreldra og starfsfólks – og er lykill að stöðugri þróun og bættri menntun. Strax í upphafi matsins lögðu stjórnendur áherslu á að gera

áætlun sem þeir töldu framkvæmanlega innan skólasamfélagsins, þó ekki of umfangsmikla til að vinna verkið vel úr hendi.

Við í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum teljum mikilvægt að lungan úr tíma kennara fari í undirbúning og þróun kennslu, í að sinna nemendum, foreldrasamstarfi og starfsþróun, enda teljum við að sú forgangsröðun komi nemendum okkar best. Við gerð áætlunarinnar var tekið tillit til þeirra þátta en samhliða var reynt að virkja kennara í matinu sjálfu eins og kostur var.

Við matið teljum við mikilvægt að að skólinn horfi til þess að bæta innra starf sitt þar sem þurfa þykir og um leið sjáum við það sem leið fyrir skólann til að ná sínum eigin markmiðum með aðhaldi og rannsóknum. Við teljum í því sambandi mikilvægt að horfa til framfara innan skólans og jafnframt þess sem betur má fara í skólastarfinu með áætlun um umbætur. Á sama tíma viljum við einnig sjá það sem gengur vel í skólanum og styðja við þá þætti ennfrekar.

Skólastarfið er í stöðugri þróun sem kallast m.a. á við breytingar í samfélaginu, breyttar áherslur og stefnu hjá stjórnvöldum og eftirlitsaðilum, vegna ólíkra nemenda, og breytinga í ytra umhverfi skóla. Sjálfsmatið hjálpar til við meta árangur af aðlögun og stefnu skólans í síbreytilegum heimi áskorana og þróast einnig sjálft eins og annað starf skólans. Sjálfsmat skólans er stöðugt, síkvikt og lifandi ferli innan hvers skólaárs.

Heimildir

- Alþingi. *Lög um grunnskóla nr. 91/2008*. Reykjavík: Alþingi, 2008. https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. *Reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald*. Reykjavík: Stjórnarráðið, 2009. https://island.is/reglugerdir/nr/0658-2009.

- Stjórnarráðið. „Ytra mat.“ *Stjórnarráðið*, aðgangur 4. desember 2025. https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/ytra-mat/.
- Sigurlína Davíðsdóttir, 2013. *Mat á skólastarfi: handbók um matsfræði*. Hólar, Reykjavík